

## Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um námuvinnslu á hafsbotni.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

- Hvaða afstöðu hafa íslensk stjórnvöld tekið á vettvangi Alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar til hugmynda um að banna námuvinnslu á hafsbotni til að vernda vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni djúpsjávar?
- Munu fulltrúar Íslands beita sér fyrir slíku banni þegar 28. aðildarríkjafundi Alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar verður fram haldið 28. júní til 7. júlí 2023?

Skriflegt svar óskast.